

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Smolt ehf. Botni, Tálknafirði



Umhverfis-
og orkustofnun

Dags eftirlits	28.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Arctic Smolt ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Sindragata 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600212 2570	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurvin Hreiðarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Vítissóði er geymdur í geymi með ófullnægjandi lekavörn.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að tryggja þarf að öryggisblöð séu til staðar alls staðar þar sem efni eru annað hvort notuð eða geymd.

Tvö frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram. Annað frávikið snýr að því að tromlusía í húsi 1 var biluð þegar eftirlit árið 2024 fór fram og var því frárennslisvatn ekki hreinsað á fullnægjandi hátt. Hitt frávikið varðar að frárennslislögnum hafði ekki verið komið fyrir í samræmi við reglur.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Arctic Smolt, Norður-Botni í Tálknafirði.

Arctic Smolt er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfis- og orkustofnun 21. maí 2025 og gildir til 21. maí 2041. Starfsleyfið tekur til seiðaeidis á laxfiskum og má lífmassi á hverjum tíma ekki fara yfir 2.400 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Nýtt starfsleyfi fyrir rekstraraðila var gefið út þann 21. maí sl. Farið var yfir helstu breytingar sem eru í fyrsta lagi að leyfilegt framleiðslumagn var aukið og er nú 2.400 tonn, í öðru lagi auknar kröfur um mælingar á svifögnum, lífrænu efni, fosfór og köfnunarefni og í þriðja lagi nýjar kröfur um vöktun á vatnshlotinu sem rekstraraðili losar frárennslisvatn í. Vöktun á vatnshlotinu hefst árið 2026, þ.e. á fyrsta ári eftir að nýtt starfsleyfi var gefið út.

Í eftirliti 2024 komu fram þrjú ný frávík og hafði tveimur þeirra verið lokað þegar kom að eftirliti ársins 2025. Unnið var skv. samþykktri úrbótaáætlun varðandi þriðja frávikið sem snýr að því að tromlusía í húsi nr. 1 var biluð. Ný tromlusía var sett upp sumarið 2025 og er frávikinu því lokað. Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirliti árið 2024 og er ekki tilefni til eftirfylgni vegna þeirra. Auk þess var eitt eldra frávík opið eftir eftirlit 2024 og var unnið skv. samþykktri úrbótaáætlun vegna þess. Það varðar að frárennslislögnum var ekki veitt fimm metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöru eða tuttugu metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Framkvæmdum við frárennslislagnirnar lauk 20. júlí 2025 og er frávikinu því lokað.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi) var ekki skilað á tilskildum tíma fyrir árið 2024 og eru skráð frávík vegna þess. Gögnin bárust eftirlitsaðila þann 24. júlí 2025 og er frávikunum því lokað. Samkvæmt útreikningum rekstraraðila var losun fosfórs frá stöðinni 6,5 kg á hvert framleitt tonn árið 2024 og er það innan heimildar skv. starfsleyfi.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá

atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum til kynningar.

5. Önnur mál

Farið var yfir stöðu umsóknar um nýtingu grunnvatns úr borholum í Norður-Botni. Fyrirhugað var að bora nýja holu í ár (2025) en þeim áformum var frestað. Umsókn rekstraraðila er í vinnslu hjá Umhverfis- og orkustofnun og er áformað að ný hola verði boruð árið 2026.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Nýr brunnur á frárennislögn rekstraraðila var skoðaður. Sýni af frárennislisvatni eru tekin úr brunninum og er fyrirhugað að loka honum m.a. til að fyrirbyggja slys og takmarka þynningu af völdum rigningarvatns. Vítissódi er geymdur í geymi með ófullnægjandi lekavörn sem er frávik frá starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að tryggja að öryggisblöð séu tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort notuð eða geymd. Engar frekari athugasemdir eru gerðar við umgengni eða frágang.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma.

Gr. 4.5 í starfsleyfi

Umhverfisupplýsingum skal skila fyrir 1. maí ár hvert, vegna undangengins almanaksárs. Umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma.

Gr. 3.11 í starfsleyfi

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. Vítissódi er geymdur í geymi með ófullnægjandi lekavörn.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að tryggja þarf að öryggisblöð séu til staðar alls staðar þar sem efni eru annað hvort notuð eða geymd.

Reykjavík, 28.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Freyr Ávarsson